



GREINARGERD

Deiliskipulagsbreytingin tekur til reits 2 innan deiliskipulagsins *Eyrin á Ísafirði* sem var sambykkt 16. október 1997 og tók gildi árið 1998. Markmið breytingarinnar er að skapa svígrúm til uppyggingsárárnum í sátt við verndun á svæðinu. Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 m.s.br. Skipulagssvæðið er innan svæðis B12 sem er m.a. ætlað fyrir safnahús og leikskóla. Hluti svæðisins tilheyrir íbúðarsvæði Í3 en stærst hluti þess er þó opíð svæði. Stór hluti svæðisins er einnig innan hverfisverndarsvæðis H8 en safnahúsið er eina byggingin sem nýtur hverfisverndar á reitnum. Húsakönnun og fornleifaskráning liggja fyrir.

Eyrargata 1

A lóðinni er leikskóli sem var byggður árið 1979. Heimilt er að byggja við húsið innan byggingarreits í samræmi við lóðalista. Viðbygging skal falla vel að númerandi húsi. Huga skal einnig að nálægð hússins við safnahúsið sem er friðlýst. Hámarkshæð húss er 4,5 m yfir gólfkóta númerandi byggingar.

Gert er ráð fyrir að bílastæði verði áfram í Eyrargötum.

Umhverfi leikskólaus skal vera fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðla að góðri hreyfingu og efla þroska nemenda. Öll hönnun skal miðast við að aðgengi sé fyrir alla að skónanum og annari bjónustu.

Innan lóðar eru friðlýstar fornminjar, sjá umfjöllun um Eyrartún.

Eyrargata - felagsheimili

Gert er ráð fyrir að felagsheimilið við Eyrargötum, sem var byggt árið 1953, verði rifið og lóðin sameinuð Eyrargötum.

Eyrargata - safnahús

Húsið á lóðinni var reist árið 1925 sem sjúkrahús en er nú safnahús, en það er teiknað af Guðjóni Samúelssyni. Í húskönnun er mælt með friðun hússins og var það friðlýst árið 1999. Friðunin tekur til ytra borðs. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á húsinu án vitundar Minjastofnunar Íslands, skv. 31. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012. Við hugsanlegar endurbætur og viðhald skal leita álíts og/eða leyfis stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að bílastæði verði áfram í Eyrargötum, Hafnarstræti og á norðurhluta lóðar.

Tungata 10

Lóðin er ætluð fyrir starfsemi sem tengist safnahúsini s.s. forvörsli, geymslur og starfsmannaðstöðu. Hæsti hluti byggingar innan byggingarreits skal ekki vera í meiri hæð en 9 m yfir sjó, þ.e. álíka hámarkshæð byggingar á Eyrargötum 1. Gólfkóti byggingarinnar má ligga neðar en gólfkóti á Eyrargötum 1, þó þannig að mið verði tekið af hugsanlegri hækku sjávar.

Byggingarreit er að hluta innan hverfisverndarsvæðis og skal bygging taka mið af því, í samræmi við ákvæði hverfisverndar sem birt er í gildandi aðalskipulagi. Sérstakt tillit skal tekið til ásýndar safnahússins við Eyrargötum og húsa við Tungötum. Leitast skal við að lágmarka skuggamyndun og ónæði á aðliggjandi íbúðarlöðum.

Bílastæði verða sameiginleg með Safnahúsi. Á lóðinni var áður gæsluvöllur sem nú hefur verið fjarlægður. Heimilt er að nýta lóðina fyrir leiksvæði með tækjum þar til lóðinni hefur verið úthluðað til húsbryggings.

Eyrargata 3 og Tungata 12


Innan byggingarreits er heimilt að byggja við númerandi húsi, auk þess að reisa sólskýli, smáskúr, garðhús o.p.b. eins og nýtingarhlutfall, sem og útlit húss og lóðar, leyfir. Við allar breytingar skal taka sérstakt tillit til ásýndar safnahússins við Eyrargötum og húsa við Tungötum. Hámarkshæð íbúðarhúss er 8,8 m á Eyrargötum 3 og 9,5 m á Tungötum 12, miðað við gólfkóta neðstu hæðar hvors húss. Hámarkshæð bílskúra er 4 m. Áfram er gert ráð fyrir bílastæðum í götu og á lóð.

Eyrartún

Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis og er ætlað fyrir almenningarsgarð og hátiðarsamkomur. Við uppyggingu þess skal taka mið af nálagðinni við safnahúsið, í samræmi við ákvæði hverfisverndar sem birt er í gildandi aðalskipulagi. Hugað skal að heildarásýnd svæðisins með metnaðarfullum aðgerðum og útfærslum, s.s. við val á yfirborðsefnum og útigögnum. Hugað skal sérstaklega að lýsingu á svæðinu, s.s. gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir skuli upplýstir, þannig að hún undirstriki sérkenni þess.

Jafnframt skal hugað að öryggi og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af. Innan svæðisins er Eyr, sem er hið forna bæjarstæði Eyrar við Skutulsfjörð og var friðlýst sem fornminjar árið 1970. Friðlýsta svæðið nær einnig til Eyrargötum 1. Friðlýstum fornleifum skal fylgia 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands, skv. 22. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012.

Bílastæði eru ekki sýnd á uppdrætti en gera skal grein fyrir þeim á aðaluppdrættum. Að öðru leyti gilda öll ákvæði gildandi skipulags.



LÓÐALISTI

	Númerandi staða		Breytt skipulag					
	stærð lóða i m² i DSK	stærð lóða i m² i FMR	raun-nytingar-hlutfall	stærð bygginga i m² skv. FMR	stærð lóða i m²	nytingar-hlutfall	hámarks-stærð byggingu i m²	hámarks-stækku byggingu i m²
Eyrargata 1	0,00	2.027,90	0,21	430,8	2.596,5	0,50	1298,3	867,5
Eyrargata - felagsheimili	0,00	56,00	0,98	55,0	0,0	0,00	0,0	0,0
Eyrargata - safnahús	0,00	1.000,00	0,99	988,6	2.000,4	0,50	1000,2	11,6
Eyrargata 3	0,00	482,00	0,78	378,3	527,3	0,75	395,5	17,2
Tungata 10	0,00	1.134,00	0,00	0,0	1.198,8	0,50	599,4	599,4
Tungata 12	0,00	427,00	0,66	280,4	426,0	0,75	319,5	39,1
SAMTALS	0,00	5.126,90		2.133,1	6.748,9		3612,8	1534,7

SAMÞYKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið

skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá _____ til _____ 20____

var samþykkt í bæjarstjórn þann _____ 20____

Samþykkt deliskipulagsbreytingarinnar

var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____ 20____.

SKÝRINGAR

- Deiliskipulagsmörk
- Mörk breytinga
- Lóð
- Byggingarreit
- Núv. byggingar
- Vlkjandi bygging
- Stærð lóðar
- Friðlýstar fornminjar
- Hverfisverndarsvæði

HNITASKRÁ

x=000000.00, y=000000.00

